



#### **4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2015 - 2016 haldinn fimmtudaginn 21.janúar 2016 kl.12:00.**

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður, Þorkell Máni Pétursson, Sigrún Gísladóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir. Fundinn sátu einnig Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara, Páll Marís Pálsson fulltrúi nemenda, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

##### **1. Kosning formanns skólanefndar árið 2016**

Steinþór Einarsson var endurkosinn formaður og Áslaug Hulda Jónsdóttir var endurkosin varaformaður.

##### **2. Fjármál skólans**

Rekstraryfirlit ársins 2015 svo og rekstraráætlun ársins 2016 voru send fundarmönnum fyrir fund. Niðurstaða ársins 2015 er halli upp á ½ prósent af veltu. Í máli skólameistara kom fram að skýringin sé hækkun launa 1. nóvember s.l. sem skólinn telur að hafi ekki verið bætt að fullu. Laun taka mjög hátt hlutfall af ríkisframlagi til skólans. Skólameistari er þó ekki mjög ósáttur með niðurstöðu ársins 2015 og vonast til að rekstrarárið 2016 muni líta betur út. Ýmislegt bendir til að svo verði, svo framarlega að ekki verði kauphækkanir á árinu. Fundarmenn voru sáttir með niðurstöðu ársins 2015.

##### **3. Upphaf vorannar 2016**

70 nemendur hafa undirritað sérstakan skólasóknarsamning. Skólinn reynir með þessu að bæta mætingu nemenda. Slíkir samningar hafa verið í boði fyrir nemendur undanfarin tvö ár og hafa allmargir nemendur bætt ástundun sína til muna.

##### **4. Foreldraráð**

Fulltrúi foreldra lýsti yfir ánægju með utanumhald skólans sem m.a. lýtur að skólasóknarsamningum og smiðjutímum. Fyrirhugaður er foreldrafundur þar sem verður kynning á starfsemi skólans. Sérstök kynning verður á stærðfræðideild skólans.

Fundi slitið kl.13:00.

**Næsti fundur: Samkvæmt skipulagi verður næsti fundur 10. mars kl.12:00.**

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.